

AUGLÝSING
um breytingu á auglýsingu um gjaldskrá nr. 965/2020
vegna stöðvunarbrota í Akureyrarbæ.

1. gr.

1. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Aukastöðugjald vegna brota á reglum um notkun stöðureita, skv. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sbr. f-lið 1. mgr. 109. gr. sömu laga, skal vera 3.090 kr.

Veittur er 33% afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

50% álag greiðist ef gjald hefur ekki verið greitt innan 14 daga frá álagningu.

2. gr.

2. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Stöðvunarbrotgjald vegna annarra stöðvunarbrota, skv. a–e-lið 1. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, skal vera 20.000 kr.

Veittur er 33% afsláttur ef greitt er í bankastofnun eða heimabanka innan þriggja virkra daga frá álagningu gjaldsins.

3. gr.

Breyting þessi sem bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 109. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 með síðari breytingum, sbr. reglur um álagningu og innheimtu gjalds vegna stöðvunarbrota nr. 104/1988 með síðari breytingum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 19. apríl 2021.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Ólafur Kr. Hjörleifsson.